



Borgarráð

Reykjavík, 23. september 2024

MSS24090132

Stýrihópur um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík. Einnig er lagt til að borgarráð tilnefni fimm fulltrúa í hópinn.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 22. september 2016 var ákveðið að Reykjavíkurborg skyldi móta heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Með stefnunni skyldi m.a. unnið að markmiðum verkefnisins Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities), en Reykjavíkurborg er aðili að verkefninu. Í kjölfarið var stýrihóp falið að marka heildstæða stefnu og aðgerðaáætlun í þjónustu við innflytjendur, flóttafólk og umsækjenda um alþjóðlega vernd innan borgarinnar. Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd var samþykkt þann 10. apríl 2018 í borgarstjórn. Stefnan gildi árin 2018 - 2022.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík.



Reykjavík



Reykjavík, 24. september 2024

MSS24090132

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um stefnumótun fjölmeningarborginnar Reykjavík

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík með fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar¹ að leiðarljósi. Áhersla verði lögð á inngildinguna (e. inclusive integration), jafnrétti og virka þátttöku fyrir öll í borgarsamfélaginu. Markmið stýrihópsins er tryggja að fjölmeningarleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar og að framlagi innflytjenda verði gert hærra undir höfði.

Stýrihópurinn á að endurskoða nálgun á málaflokkinn í heild sinni og skapa skýra framtíðarsýn á fjölmeningarborgina Reykjavík.

Í samræmi við fjölmeningaryfirlýsingu sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. september 2019 þarf stefnumótun og eignarhald á aðgerðum fyrst og fremst að vera á vegum sviðanna. Hlutverk stýrihópsins er að tryggja skýran ramma fyrir þá vinnu og að sviðin fái þann stuðning sem þau þurfa. Sérstök áhersla verður lögð á mannauð borgarinnar þannig að starfsfólk endurspegli fjölbreytni samfélagsins og sé í stakk búið til að þjónusta öll.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að greina stöðu innflytjenda í borginni með því að rýna þau gögn sem til eru um málaflokkinn m.a. með skoðun á gildandi stefnumótun og aðgerðaráætlunum.
- Að eiga samráð við hagaðila utan og innan Reykjavíkurborgar.
- Að vinna drög að heildstæðri stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík og aðgerðaráætlun með inngildingunni og fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Í vinnunni sé tekið mið að eftirfarandi þáttum: Reykjavíkurborg sem stjórnvald; sem atvinnurekandi; sem þjónustuveitandi; sem samstarfaðili og verkkaupi.

Stefnan taki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og áherslum í verkefninu Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities), sem Reykjavíkurborg er aðili að.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Sabine Leskopf, formaður

Magnea Gná Jóhannsdóttir

¹ Fjölmeningaryfirlýsing Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 17. september 2019.



Reykjavík



Magnús Davíð Norðdahl
[Fulltrúi borgarstjórnar]
[Fulltrúi borgarstjórnar]

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Aleksandra Kozimla, starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við vinnu við gerð stefnunnar skal haft náið samráð við fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar.

Auk þess skal haft samráð við hagsmunafélög innflytjenda, svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil og skil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráði fyrir lok maí 2025.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri